



UMHVERFIS- OG LOFTSLAGSSTEFNA

TÓNLISTARSKÓLI EYJAFJARÐAR



Umhverfis- og loftslagsstefna Tónlistarskóla Eyjafjarðar nær til allrar starfsemi og reksturs skólans.

Stefnan tekur til umhverfisáhrifa af innri starfsemi skólans og nær yfir orkunotkun, úrgangsmýndun, samgöngur, innkaup og fræðslu.

Með umhverfis- og loftslagsstefnu skuldbindur skólinn sig til þess að vinna markvisst að því að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif sem hljótast af starfsemi skólans og stuðla að fræðslu á sviði umhverfis- og loftslagsmála til alls starfsfólks skólans. Skólinn leggur sitt af mörkum til að markmiðum Parísarsamningsins sé náð og tekur því virkan þátt í baráttu við loftslagsbreytingar.

Við stefnumótun hefur skólinn til hliðsjónar viðmið úr Umhverfis- og loftslagsstefnum sveitarfélaganna sem standa að rekstri

Tónlistarskóla Eyjafjarðar þ.e. Eyjafjarðarsveitar, Grýtubakkahrepps, Hörgárbyggðar og Svalbarðsstrandahrepps.

Stefnan er unnin af starfshópi Grænna Skrefa við Tónlistarskóla Eyjafjarðar skólaárið 2023–2024 og gildir frá 15. apríl 2024.

Það er stefna Tónlistarskóla Eyjafjarðar að umhverfis- og loftslagsmál séu höfð til hliðsjónar í ákvarðanatöku þegar kemur að innkaupum og framkvæmdum, að vera til fyrirmyndar í umhverfis- og loftslagsmálum og laga sig að loftslagsbreytingum með vistvænum hætti. Tónlistarskóli Eyjafjarðar leitast við að vera umhverfisvænn vinnustaður í víðri merkingu. Áhersla er lögð á að draga úr efnis- og orkunotkun, efla flokkun úrgangs og sýna gott fordæmi í aðgerðum til að draga úr kolefnisspori. Stefnt er að því að Tónlistarskóli Eyjafjarðar hafi sjálfbæra þróun að leiðarljósi í allri starfsemi sinni og leggi þannig sitt af mörkum til betra umhverfis og samfélags nú og til framtíðar.

Umhverfis- og loftslagsstefna Tónlistarskóla Eyjafjarðar er endurskoðuð árlega af starfshópi Grænna skrefa við skólann og í henni sett fram mælanleg markmið á grundvelli Grænna skrefa og aðgerðaráætlun.

Skólinn er þátttakandi í Grænum skrefum með eftirfarandi að markmiði:

- að draga markvisst úr kolefnislosun
- að auka vellíðan starfsmanna
- að bæta starfsumhverfið
- að draga úr rekstrarkostnaði
- að innleiða áherslur í umhverfismálum og gera skólann umhverfisvænni

MARKMIÐ

Markmið þessarar umhverfisstefnu er að fella starfsemi Tónlistarskóla Eyjafjarðar að sjónarmiðum sjálfbærrar þróunar, að vinna stöðugt að úrbótum með reglulegri yfirferð og endurskoðun allra þátta er lúta að umhverfis- og loftslagsmálum.

Gætt sé þess að fylgja lögum og reglum þar að lútandi, viðhafa vistvæn innkaup, stuðla að notkun umhverfisvottaðra aðfanga sem og versla staðbundið.

Draga skal úr hvers kyns sóun verðmæta eins og orku og aðfanga og leitast við að ná hámarksnýtingu, minnka almennan úrgang, flokka og endurnýta/endurvinna eftir því sem kostur er.

Aðstaða til förgunar sorps og úrgangs verði aðgengileg ásamt upplýsingum og fræðslu og starfsfólk hvatt til að nýta og tileinka sér þá möguleika til endurvinnslu og flokkunar sem í boði eru.

Nemendur og starfsfólk verði virkjuð í umhverfisvænum viðhorfum í hugsun og verki, að starfsfólk kunni skil á umhverfismarkmiðunum og tileinki sér þau.

Nemendur og starfsfólk Tónlistarskóla Eyjafjarðar framfylgja stefnunni og hafa hana að leiðarljósi í störfum sínum. Ábyrgð á framkvæmd stefnunnar er í höndum skólastjórnenda.

AÐGERÐIR

PAPPÍRSNOTKUN	<p>Við prentara og ljósritunarvélar er pappír safnað saman og hann nýttur sem rissblöð.</p> <p>Við kaupum einungis enduruninn pappír eða umhverfisvottaðan.</p> <p>Fjölþóstur er sendur rafrænt, í stað þess að senda út bréf, og notkun pappírs í efnisskrár á viðburðum skólans hætt. Skrifstofustarfsemi skólans verði pappírslaus og umhverfisvænar lausnir séu hafðar til grundvallar.</p>
ORKUNÝTING	<p>Öll raftæki eru stillt þannig að tækin fara í viðbragðsstöðu (standby) þegar þau hafa ekki verið í notkun í 15 mín.</p> <p>Við kaupum raftæki sem eru í A-flokki orkumerkinga eða hærra skv. orkuflokkum Evrópusambandsins.</p> <p>Í rýmum skólans eru ávallt valdar perur/lýsing með bestu orkunýtni s.s. LED.</p> <p>Við slökkvum á öllum ljósum í þeim rýmum sem eru ekki í notkun og öll ljós í lok dags.</p> <p>Við höfum komið fyrir merkingum við rofa og valdar útgönguleiðir þar sem minnt er á að slökkva ljós í lok dags og að slökkva á raftækjum þegar þau eru ekki í notkun.</p> <p>Halda skal uppþvotti í lágmarki með skynsamlegri notkun matar- og drykkjariláta og gæta að því að uppþvottavél sé ekki hálfþóm þegar hún er sett í gang.</p> <p>Við lokum öllum gluggum í lok dags og drögum fyrir glugga þar sem það á við.</p>
INNKAUP	<p>Við notum umhverfisvæn ræsti- og hreinlætisefni og útrýmum hættulegum efnum.</p> <p>Við aukum hlut umhverfisvottaðra vara og þjónustu í innkaupum og fylgjum verklagsreglu skólans um innkaup, kaupum aðeins vörur og þjónustu þegar nauðsyn krefur.</p> <p>Ef vörur og þjónusta eru sambærilegar skal velja þann kost sem er umhverfisvænni.</p> <p>Við kaupum ekki einnota vörur.</p>
SAMGÖNGUR	<p>Könnun á ferðavenjum starfsfólks gerð árlega og stutt við umhverfisvænni ferðamáta.</p> <p>Hvatt er til samnýtingar ferða á milli starfsstöðva og vinnu starfsfólks hagað þannig að akstri sé haldið í lágmarki.</p> <p>Boðið er upp á fjarfundi þegar því er komið við.</p> <p>Förum aðeins í nauðsynleg ferðalög, bæði með nemendur og starfsfólk og veljum áfangastaði eins nærri skólanum og mögulegt er hverju sinni.</p>

STJÓRNUN OG MIÐLUN

Starfsfólk er frætt um umhverfismál og hvatt til að tileinka sér vistvænan lífsstíl. Þeim er tryggt heilsusamlegt og gott starfsumhverfi.

Að gert verði sýnilegra það sem vel er gert í umhverfismálum í skólanum og leita skýrari leiða til úrbóta á því sem betur má fara.

Umhverfisfræðsla fyrir starfsfólk fer fram á lokaðri síðu starfsmannahópsins á facebook og með kynningum á einstaka málaflokkum á starfsdögum.

Hvetja skal til líkamsræktar, neyslu á hollu fæði og heilbrigðra lífshátta starfsmanna eins og kostur er og starfsfólki gefið kostur á fræðslu um heilbriggt líferni á starfsdögum skólans.

Að starfsfólk finni til ábyrgðar á því að framfylgja stefnu þessari og hvetji annað starfsfólk til að standa saman í markvissri vinnu að umbótum.

Stjórnendur fylgist með kolefnisspori starfseminnar og vinna stöðugt að því að minnka það.

Stjórnendur fylgja eftir markmiðum, mæla árangur með skilmerkilegum hætti og taka saman niðurstöður lykilmælikvarða árlega og hefja undirbúning og vinnu við gagnaöflun um kolefnisspor skólans.

Að skólinn taki upp Grænt bókhald fyrir árið 2027 og ljúki 5. skrefi Grænna skrefa í kjölfarið.

ÚRGANGUR OG FLOKKUN

Við flokkum að lágmarki í átta úrgangsflokka (t.d. lífrænt, spilliefni, pappír, plast, skilagjaldsumbúðir, bylgjupappa, málma, raftæki og gler) á kaffistofum og annars staðar þar sem úrgangur fellur til. Flokkunarílát eru merkt á skýran hátt með viðurkenndum alþjóðlegum merkingum.

Við samnýtum flokkunarkerfin með grunnskólum þegar við erum að samnýta húsnæðið með skólunum.

Skilagjaldsskyldar umbúðir svo sem áldósir, plastflöskur og glerflöskur eru flokkaðar og farið með í endurvinnslu eða komið á nemenda- og tómskundahópa aðildarsveitarfélagana sem safna skilagjaldsskyldum umbúðum í fjáröflunarskyni. Notum drykkjarmál og vatnsflöskur í stað einnota umbúða.

Við flokkum spilliefni eins og lög og reglur kveða á um, s.s. rafhlöður, prenthylki, málningarafganga, tússpenna, flúrperur og skilum til viðeigandi förgunar.

Notuðum skrifstofuvörum, s.s. ritföngum, möppum og plastvösum, er safnað á ákveðna staði og starfsfólki bent á að nýta þær.

Reynum að endurnýta húsgögn og gefa hlutum nýtt líf í stað þess að kaupa nýtt sem fyrsti valkostur.

Við notum fjölnota innkaupapoka.

Könnun er gerð á hlutfalli endurvinnanlegs sorps sem fellur til hjá skólanum 1-2svar á skólaári.